



## Ársfundur 18. júní 2025

### Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2024 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 30 sjóðfélagar hjá 4 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 5 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 36 milljón króna og lækkuðu um 12,1% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 27.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.447 milljónum króna og hækkuðu um 9,2% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 791 á árinu 2024.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 10,7% og hrein raunávöxtun 5,7% samanborið við 7,7% nafnávöxtun og -0,3% raunávöxtun á árinu 2023. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.636 milljónum króna og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 2,2% og 3,1% ef horft er til síðustu 10 ára sem er undir ávöxtunarmarkmiði sjóðsins en til marks um íhaldssama fjárfestingarstefnu.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 42 milljónir króna á árinu. Áfallnar skuldbindingar nema því 11.051 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 57,4% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 11.257 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir eða sem nemur 42,7% af skuldbindingum.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum. Á ársfundinum verða kynnt samningsdrög að samruna sjóðsins við Brú lífeyrissjóð sem stjórn hefur unnið að undanfarna mánuði. Það er von stjórnar að fyrirhuguð sameining tryggi áframhaldandi traustan rekstur sjóðsins til framtíðar.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.